



MENNTAMÁLASTOFNUN

Víkurhvarfi 3 • 203 Kópavogi

postur@mms.is • www.mms.is

(+354) 514 7500

Kópavogi, 9. nóvember 2015

Fréttatilkynning

Hvatningarverðlaun veitt á Degi gegn einelti

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra veitti í dag verkefninu **Vinsamlegt samfélag** hvatningarverðlaun Dags gegn einelti 2015.

Nanna N. Christiansen, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs og formaður starfshópsins um **Vinsamlegt samfélag** tók við verðlaununum við athöfn sem Menntamálastofnun og Kópavogsbæ stóðu fyrir í leikskólanum Álfaheiði. Viðurkenningin sem starfshópurinn fékk er listaverk eftir Koggu sem heitir Egg snjófuglsins.

Verkefnið, sem er á vegum Reykjavíkurborgar, varð fyrir valinu þar sem það hefur sýnt sig og sannað sem góðan samstarfsvettvang gegn einelti þar sem öllum hagsmunaaðilum er stefnt saman með það markmið í huga að berjast gegn einelti. Verkefnið teygir anga sína langt út fyrir skólann eða frístundasviðið og sameinar gríðarlegan fjölda fólks undir sama markmiði.

Vinsamlegt samfélag er samfélag sem við viljum öll búa í. Samfélag sem er meðvitað um einelti og vinnur stutt og stöðugt gegn því en bregst einnig skjótt og rétt við ef slík mál koma upp. Samfélag sem vinnur saman og stendur saman.

Í fyrra voru það Magnús Stefánsson og Páll Óskar Hjálmtýsson sem fengu viðurkenninguna vegna jákvæðra skilaboða gegn einelti til samfélagsins. Þeir framleiddu heimildarmynd um æsku Páls Óskars og í framhaldinu gerðu þeir fræðsluverkefnið; *Polandi og gerandi*, þar sem þeir ræddu við grunnskólabörn og miðluðu reynslu sinni sem þolandi og gerandi eineltis.